

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 50

Dags. 11.12.2013

### **Skipulags- og umhverfisnefnd - 11.12.2013**

50. fundur.

11. desember 2013 kl 10:00 -12:00

Fundarstaður: Kjarni

Fundarmenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.

Árni Pétur Hilmarsson

Guðrún Tryggvadóttir

Hörður Þór Benónýsson

Þórunn Jónsdóttir

Dagskrá:

Starfsmenn:

Bjarni Reykjálín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

1. Norðausturvegur um Skjálfafljót. Kynning á nýrri skýrslu.
2. Tjarnahverfi eystra og vestra á Gönguskarði. Stofnun Þjóðlendu
3. Vaðlaheiðargöng. Tillaga að deiliskipulagi vinnubúðasvæðis í Fnjóskadal.

#### **1. Norðausturvegur um Skjálfafljót. Kynning á nýrri skýrslu.**

##### **S20120603**

Tekið fyrir að nýju erindi sem áður var á dagskrá skipulags- og umhverfisnefndar á 39. fundi hennar 20. desember 2012. Gunnar Jóhannesson, verkfræðingur frá Vegagerðinni, kemur á fundinn og kynnir skýrsludrög þar sem settar eru fram hugmyndir að nýjum vegstæðum (veglínum) ásamt lauslegu kostnaðarmati og umhverfisáhrifum mismunandi valkosta.

*Skipulags- og umhverfisnefnd fagna því að nú sjái fyrir endann á vinnu Vegagerðarinnar við tillögugerð að nýju vegarstæði á Norðausturvegi (Torfunes-Tjörn) yfir Skjálfafljót. Nefndin leggur áherslu á að endanlegar tillögur liggja fyrir eins fljótt og kostur er svo hægt verði að ráðast í viðkomandi breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022, einkum þar sem búast má við aukinni þungaumferð um sveitarfélagið vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Bakka við Húsavík sem mun að öllum líkindum kalla á nýja brú yfir Skjálfafljót.*

#### **2. Tjarnahverfi eystra og vestra á Gönguskarði. Stofnun fasteignar(þjóðlendu).**

##### **S20131201**

Erindi dags 13. nóvember 2013 frá Forsætisráðuneytinu, þar sem sótt er um heimild til að stofna fasteign (þjóðlendu) sbr. 14. gr. laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001. Með síðari breytingum.

Heiti fasteignar er: Tjarnahverfi eystra og vestra á Gönguskarði.

Land innan eftirfarandi marka, þ.e. Tjarnahverfi eystra og vestra á Gönguskarði er þjóðlenda í afréttareign eigenda Þóroddsstaðar að 2/3 og Ófeigsstaða og Rangár að 1/3.

Til vesturs afmarkast landsvæði þetta af merkjum Draflastaðakirkjulands á vestanverðu Gönguskarði, þar sem þau liggja í vörðu á innri Grjóthól þvert yfir Skarðið til fjallsbrúnar báðum megin, sbr. hreppamörk fyrrum Ljósavatnshrepps og Hálshrepps sem jafnframt eru norðurmerki kröfulínu Þóroddsstaðar, Ófeigsstaða og Rangár vegna Tjarnahverfis. Til suðvesturs er miðað við

merki Hrafnstaða, frá hól sem stendur við eystra Tjarnhverfi á Gönguskarði (punktur 9 í kröfulýsingu vegna Hrafnstaða) og svo alla óslitna fjallshlíð ofan í reiðgötur að sunnanverðu allt í þá hóla er standa í miðju Gönguskarði (punktur 10 í kröfugerð vegna Hrafnstaða) Til austurs er farið úr áðurnefndum hól við eystra Tjarnhverfi (punkti 9 í kröfulýsingu vegna Hrafnstaða) í grjótskriðu þá, sem liggur á Gönguskarði rétt vestan við Hálsfel og Hálsgrönd (punktur 4 í kröfulýsingu vegna Háls). Þaðan er dregin lína í norðaustur þar til komið er að hornmarki (punkti 3 í kröfulýsingu vegna Háls) við merkjalínu Háls sem liggur úr Skollahnjúk og þangað til komið er til móts við framangreinda skriðu. Frá framangreindu hornmarki (punkti 3 í kröfulýsingu vegna Háls) er miðað við merki Torfuness og Ófeigsstaða, þar sem þau liggja á há-brúnum Vesturfjalla (punktar 9 í kröfulýsingu vegna Torfuness og Ófeigsstaða), þar til kemur að fyrstnefndu vesturmerkjum, sem jafnframt eru hreppamörk á milli fyrrum Ljósavatnshrepps og Hálsahrepps.

Fylgigögn með umsókn eru útdráttur úr úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 4/2007 dags 6. júní 2008 og landspildublað.

*Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að stofnun Þjóðlendunnar skv. fyrirbyggjandi gögnum verði samþykkt og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að annast stofnun hennar í fasteignaskrá Þjóðskrár.*

### **3. Vaðalheiðargöng. Tillaga að deiliskipulagi vinnubúðasvæðis í Fnjóskadal S20120402**

Tekið fyrir að nýju erindi dags 10. júlí 2013 frá Valgeiri Bergmann f.h. Vaðalheiðarganga hf. þar sem sótt er um heimild til að láta vinna deiliskipulag vegna Vaðalheiðarganga og vinnubúða í Fnjóskadal skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Jafnframt er óskað eftir að meðfylgjandi deiliskipulagslýsing frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félagum ehf dags. 20. júní 2013 verði tekin til afgreiðslu í skipulags- og umhverfisnefnd skv. 40. gr. fyrrgreindra laga.

Fyrrgreind skipulagslýsing var kynnt samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 en engar athugasemdir eða ábendingar bárust.

Innkomin ný göng dags. 9. desember 2013, tillaga að deiliskipulagi vinnubúðasvæðis í Fnjóskadal dags 9. desember 2013 frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félagum ehf.

*Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að fallið verði frá kynningu eins og heimild er fyrir í 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendu deiliskipulagsins liggja fyrir í aðalskipulagi og einnig þar sem um er að ræða tímabundna framkvæmd sem ekki felur í sér skerðingu á framtíðarnotkun svæðisins.*

*Nefndin gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna á þessu stigi og leggur til við sveitarstjórn að hún feli skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa hana eins og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um.*

Fundi slitið